



VIÐAUKI MEÐ PRÓFSKÍRTEINI (*)



1. STARFSHEITI, HEITI STARFSGREINAR EÐA NÁMSBRAUTAR

Mjólkurfræðingur, mjólkuriðn

2. ÞÝTT HEITI SKÍRTEINISINS

Dairy technician

Þessi þýðing hefur ekkert lagalegt gildi.

3. LÝSING Á KUNNÁTTU OG FÆRNI

Handhafi

- þekkir eiginleika og verkan helstu hráefna sem notuð eru í mjólkuriðn og gerir sér grein fyrir mögulegum hættum og umhverfisáhrifum sem þau geta haft
- þekkir og kann rétta beitingu allra helstu véla og verkfæra sem mjólkurfræðingar nota við vinnu sína svo og viðhald þeirra og hirðingu
- þekkir til öryggismála á vinnustað og hagar vinnu sinni þannig að heilsu og öryggi, eigin og annarra, stafi ekki hætta af
- er fær um að annast móttöku mjólkur í mjólkurbúi, meta gæði hennar og hafa umsjón með flutningi hennar í geymslutanka
- getur stýrt vélbúnaði sem gerilsneyðir, fitusprengrir, skilur og hreinsar mjólk
- getur meðhöndlað mjólk og undanrennu t.d. með mismunandi sýrugerlum til framleiðslu á súrmjólk, jógúrt, skyri og ostum
- getur framleitt smjör úr rjóma í vélknúnum strokki
- getur annast framleiðslu sérafurða eins og mjólkur- og rjómaíss, mjólkurdufts og mjólkurpróteina
- er fær um að annast eftirlit með gæðum afurða og umsjón með þökkun, frágangi og dreifingu á mjólkurvörum
- þekkir helsta vél- og hugbúnað sem tilheyrir starfsumhverfi mjólkurfræðinga
- getur tekist á hendur rannsóknir og nýsköpun vegna vörubrúnar og tilraunir með nýjar tegundir afurða

(Heimild Gerður G. Óskarsdóttir (ritstj.). 1996. Starfslýsingar II, sérgreinar í iðnaði og þjónustu. Reykjavík: Félagsvísindastofnun og Iðnú, bls. 57)

4. STARFSSVIÐ SEM SKÍRTEINISHAFI HEFUR AÐGANG AÐ

Mjólkurfræðingar starfa í mjólkurbúum, afurðavinnslustöðvum eða annars staðar í matvælaíðnaði við mjólkurvinnslu, framleiðslu mjólkurafurða, rannsóknir og vörubrún. Geta einnig starfað í sælgætisgerðum og ölgerðum. Rétt til starfa í mjólkuriðn hafa þeir sem leyst hafa til sín sveinsbréf í mjólkuriðn sem iðnaðarráðherra gefur út.

(*) Skýringar

Þessu skjali er ætlað að veita nánari upplýsingar um tilgreint skírteini en hefur sem slíkt ekkert lagalegt gildi. Framsetning þessarar lýsingar byggist á eftirtöldum textum: Ályktun ráðsins 93/C 49/01 hinn 3. desember 1992 um gagnsæi hæfnikrafna, Ályktun ráðsins 96/C 224/04 hinn 15. júlí 1996 um gagnsæi prófskírteina í starfsmenntun og Tilmælum Evrópuþingsins og ráðsins 2001/613/EC hinn 10. júlí 2001 um ferða- og dvalarfrelsi innan Evrópusambandsins fyrir námsmenn, þá sem eru í þjálfun, sjálfbóðaliða, kennara og leiðbeinendur.

Nánari upplýsingar fast hjá: www.cedefop.eu.int/transparency

© Evrópusambandið 2002

5. LÖGFORMLEG ATRIÐI

Nafn og staða stofnunar er gefur út skírteinið Framhaldsskóli á Íslandi sem starfar á grundvelli laga um framhaldsskóla og aðalnámskrár framhaldsskóla sem mennta- og menningarmálaráðherra gefur út.	Nafn og staða stjórnsýslu og skráðis sem annast vottun eða staðfestingu skírteinisins Framhaldsskóli á Íslandi sem starfar á grundvelli laga um Mennta- og menningarmálaráðgjöf og framhaldsskóla sem mennta- og menningarmálaráðherra gefur út.
Menntunarstig skírteinisins (í landinu eða alþjóðlega) Framhaldsskólastig Isced 3	Einkunnakvarði/ Kröfur til að standast próf 1-10 Lágmarkseinkunn 5.
Aðgangur að næsta þrepi menntunar/þjálfunar Viðbótarnám til stúdentsprófs og meistaraskóli.	Alþjóðlegir samningar
Lagalegur grunnur Lög um framhaldsskóla nr. 80/1996, reglugerð um sveinspróf nr. 525/2000. Iðnaðarlög nr. 42/1978, reglugerð um löggiltar iðngreinar nr. 940/1999.	

6. UMFANG OG SKIPULAG MENNTUNAR

Meðalnámstími er fjögur ár og á þeim tíma er námi og kennslu hagað sem hér segir: nám fer fram í Dalum Tekniske Skole í Danmörku, námstími samtals 52 vikur. Vinnustaðanámi er samtals 120 vikur. Námi lýkur með sveinsprófi.

Inngönguskilyrði

Grunnskólapróf

Viðbótarupplýsingar

Frekari upplýsingar er að finna á:

www.menntamalaraduneyti.is

Upplýsingamiðstöð í landinu

Mennta- og menningarmálaráðuneytið, www.menntamalaraduneyti.is